LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Jóhann Guðmundsson / Erna Jónsdóttir

11. desember 2017

Efni: Stærðarmörk fiskiskipa sbr. bréf dags. 17. nóvember

Landssamband smábátaeigenda ítrekar fyrri umsagnir frá 9. janúar 2016 og 15. mars 2017 um stærðarmörk fiskiskipa m.t.t. aðkomu þeirra að veiðisvæðum.

Í bréfi ráðuneytisins sem hér er til umfjöllunar er þess getið að Starfshópur um heildarskoðun á regluverki er varðar notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum hafi lagt til

að allar núgildandi stærðar og vélarafls takmarkanir verði felldar úr gildi.

Niðurstaða hópsins eru LS mikil vonbrigði og telur félagið hana vega að framtíð smábátaútgerðar á landinu og veiðirétti þeirra. Hópurinn hefur með tillögu sinni ákveðið að skeyta engu um þær reglur sem í gildi eru og verið einn af hornsteinum að útgerð smábáta. Að skýrar reglur gildi um veiðar á grunnslóð, hvers konar skip geti sótt á hefðbundin veiðisvæði smábáta. Sátt hefur ríkt lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands þar sem haft er til hliðsjónar að stærð báta takmarki sókn þeirra á veiðislóðir fjær landi. Þá er sérstaklega eftir því tekið að hópurinn undanskilur engar veiðar í tillögum sínum. Þar með taldar eru grásleppuveiðar þar sem veiðistjórn hefur ávalt verið í sátt við náttúruna og skilað einstökum árangri.

Það er skoðun LS að Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið beri að hafna tillögum hópsins. LS telur að tillögurnar gangi langt út yfir markmið laga um stjórn fiskveiða. Fiskifræðileg rök eru vissulega mikilvæg, en þar sem þau ógna öðrum markmiðum laganna ber að staldra við og skoða ítarlega afleiðingar þess ef tillögurnar komi til framkvæmdar.

LS telur að ráðuneytið eigi að stöðva frekari vinnu hópsins og setja á fót nýja nefnd sem fái það hlutverk að meta ávinning sem tillögurnar hafa í för með sér, m.t.t. uppbyggingu fiskistofna, verðmæta, markaðssjónarmiða, umgengni um vistkerfi

sjávar og aðbúnaðar áhafnar. Áður en sú vinna hefst er nauðsynlegt að ráðuneytið leiti eftir áliti sveitastjórna á niðurstöðu hópsins þar sem gerð er grein fyrir afleiðingum sem tillögur hópsins hafa á útgerð smábáta. Þá er það einnig tillaga LS að ráðuneytið sendi niðurstöðu hópsins til umsagnar eftirtaldra aðila:

Umhverfisráðuneytið

Atvinnuveganefnd Alþingis

Félag íslenskra náttúrufræðinga

Náttúrverndarsamtaka Íslands

Helstu söluaðila á ferskum fiski

Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda

Vinnsluaðila grásleppukavíars

Ferðamálastofu

Samgöngustofu

Á bréfi ráðuneytisins má skilja að niðurstaða hópsins byggist að mestu á:

> *„að stærðartakmarkanir á veiðiskipum gætu í vissum tilvikum jafnvel hamlað framþróun með tilliti til bættrar aflameðferðar og aðbúnaðar áhafnar. Þá séu reglur um stærðartakmarkanir veiðiskipa ekki skilvirk leið í fiskveiðistjórnun sem skili tilætluðum árangri heldur séu aðrar leiðir færar, t.a.m. almennar svæðalokanir til verndunar á ungviði eða botni, reglur um stærð og gerð veiðarfæra og daga- og netafjöldi við grásleppuveiðar“.*


Vegna fullyrðinga sem þarna koma fram óskar LS svara við eftirtöldum spurningum:

1. Í hvaða tilvikum hafa stærðartakmarkanir veiðiskipa hamlað framþróun með tilliti til aflameðferðar og aðbúnaðar áhafnar vegna þess að ekki hefur verið hægt að fara til veiða á tilteknu veiðisvæði vegna stærðar og vélarafls viðkomandi báts?
2. Hvaða þættir fiskveiðistjórnunar er átt við þegar fullyrt er að reglur um stærðartakmarkanir veiðiskipa hamli árangri?
3. Í starfshópnum sitja 2 fulltrúar frá Hafrannsóknastofnun. Við d-lið 1. tl. kemur fram afstaða stofnunarinnar við ákvæði laga

um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands um undanþágur til veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót innan 12 sml þar sem miðað er við lengd og aflvísi skips.

„Almennt séð þá eru meira af ókynþroska fiski s.s. þorski og ýsu nær landi eða á grunnslóð. Því getur verið ástæða að stuðla að minni sókn á þeim svæðum en annars staðar. Botndýr eru hins vegar almennt betur aðlöguð náttúrulegu álagi á grunnslóð (a.m.k. fyrir opnu hafi) en þau sem finnast á meira eða miklu dýpi“.

LS bendir á að verulegt ósamræmi gætir hér m.t.t. til að fulltrúar stofnunarinnar mæltu með að opnað yrði fyrir veiðar með dragnót í Eyrarbakkabugt (sjá myndi) á grundvelli mælinga í einum róðri þar sem aflasamsetning var í engu samræmi við veiðar á svæðinu í nóvember.



Þær veiðar benda ekki til þess að ætlunin sé að stuðla að minni sókn stórvirkra veiðarfæra á grunnslóð þar sem meira er um ókynþroska fisk, þorsk og ýsu, eins og segir í umsögn starfsmanna stofnunarinnar.

Hér er skjáskot úr skýrslu Starfshópsins til ráðherra:

Könnunin fór fram 3. feb. 2017 í samræmi við fyrrgreinda heimild ráðuneytisins. Alls voru tekin 6 köst í könnuninni sem dreifðust vel um svæðið. Uppistaðan í aflanum var stór þorskur og voru einungis 1,7% undir 55 cm lengd (viðmiðunarmörk 25%). Sú ýsa sem veiddist í könnuninni var einnig stór 11% voru undir 45 cm lengd (viðmiðunarmörk 30%). Í ljósi þessarar niðurstöðu taldi Hafrannsóknastofnun að forsendur lokunar væru ekki lengur til staðar og lagði til, með bréfi til ráðuneytisins dags. 8. feb. 2017, að lokuninni yrði aflétt.

Afli sem fékkst í viðkomandi leiðangri:

Fisktegund	Óslægt
Ýsa	386
Langa	13
Sandkoli	264
Skarkoli	17
Þorskur	3.607
Tindaskata	442
Steinbítur	2
Karfi / Gullkarfi	52
Þykkvalúra / Sólkoli	4
Samtals	4.787

Til samanburðar er afli Hásteins ÁR sem stundaði veiðar með dragnót í Eyrarbakkabugt í nýliðnum nóvember:

Hásteinn ÁR 8 / 1751

Dragnót	Þorskur	Ýsa	Skarkoli	Þykkvalúra	Annað	Samtals
02-nóv	2.133 kg	5.438 kg	1.389 kg	664 kg	1.003 kg	10.627 kg
10-nóv	3.423 kg	7.781 kg	292 kg	193 kg	651 kg	12.340 kg
13-nóv	731 kg	13.612 kg	32 kg	24 kg	89 kg	14.488 kg
17-nóv	475 kg	4.987 kg	25 kg	2 kg	68 kg	5.557 kg
18-nóv	0 kg	10.756 kg	0 kg	0 kg	0 kg	10.756 kg
19-nóv	549 kg	12.160 kg	64 kg	33 kg	22 kg	12.828 kg
20-nóv	385 kg	10.435 kg	39 kg	14 kg	20 kg	10.893 kg
21-nóv	632 kg	14.750 kg	74 kg	5 kg	48 kg	15.509 kg
22-nóv	392 kg	15.371 kg	32 kg	4 kg	68 kg	15.867 kg
23-nóv	362 kg	11.499 kg	66 kg	12 kg	106 kg	12.045 kg
24-nóv	238 kg	7.302 kg	33 kg	0 kg	63 kg	7.636 kg
	9.320 kg	114.091 kg	2.046 kg	951 kg	2.138 kg	128.546 kg
	7,3%	88,8%	1,6%	0,7%	1,7%	

Eins og sjá má á þessum tölum er verulegur mismunur á ýsuafla bátsins.

Við mælingu í febrúar var hlutfall ýsu aðeins 8%, en við veiðar í nóvember var hlutfall ýsu 89%.

Við eftirgrennslan getur LS fullyrt að engir eftirlitsmenn voru um borð í Hásteini við veiðar bátsins í nóvember. Verður að telja það mikið ábyrgðarleysi hjá Hafrannsóknastofnun að óska ekki eftir eftirliti af hálfu Fiskistofu við þessar veiðar.

Óskað er eftir að ráðuneytið leiti upplýsinga um hvort tillaga hópsins hafi verið byggð á misskilningi m.t.t. að ókynþroska fiskur þorskur og ýsa haldi sig jafnan á grunnslóð.

Að lokum vill LS upplýsa að félagið íhugar að óska eftir því við Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hann leggi starfshópinn niður. Það er álit LS að hópurinn hafi sýnt af sér ábyrgðarleysi við verkefnið. Þröng örökstudd sjónarmið hafa orðið ofan á í hópnum og framkallað tillögur sem eiga fátt skylt við markmið laga um stjórn fiskveiða,

> *að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.*

„Engin fiskifræðileg rök fyrir stærðarmörkum“ sem aðalröksemd hópsins er ekki nægjanleg til að raska því jafnvægi sem ríkir um stjórn fiskveiða.

LS telur engan vafa leika á að komist tillögurnar til framkvæmda muni það gjörbreyta afkomu eins útgerðarflokks – smábáta til hins verra. Áhrifa þess mundi gæta víðar en hjá útgerðum smábáta þar sem þeir eru undirstaða og lífakkeri í hinum dreifðu byggðum.

Virðingarfyllst

Axel Helgason formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri